

Skipulags og byggingarráð Hafnarfjarðar DRÖG að verkefnalýsingu.

Þéttingarverkefnið; Þétting byggðar/ nýir byggðarkjarnar. Skipun starfshóps/stýrihóps um verkefnið.

(HverfisSKIPULAG Reykjavíkur er módelið sem við vinnum eftir vegna skipunar í starfshópa / verkefnahóps, en þar var mikilvægt að ábyrgðin væri dreifð – ekki ein stofa sem fór fyrir verkefninu heldur þrjár)
Verkefnið fær einnig aukið vægi frá svæðisskipulagsáherslum, Borgarlínan í bakgrunninum.

Inngangur

Varðar: Skipun í faglegan starfshóp til að meta hverfisþéttingu Hafnarfjarðar og þá möguleika sem kunna að vera til staðar í grónum hverfum bæjarins.

Ástæður: breytingar í svæðisskipulagi kalla á enn frekari nýtingu „inná við“ svo nýta megi betur gatnakerfi, samgöngukerfi, skólahverfi og nærþjónustu sem til staðar er. Einnig svo hægt sé að koma á frekari jafnvægi á þeim skólum sem nú þegar eru byggðir.

Þær leiðir sem nefndar eru í svæðisskipulaginu og endurspeglast í þeirri hverfisSKIPULAGSVINNU sem á sér stað í Reykjavíkurborg verða notaðar sem undirlag.

Skipulag: Til eru deiliskipulög fyrir flest hverfi bæjarins, en með þessari vinnu er leitast við að grófskrá þau svæði (mappa) sem hugsanlega til framtíðar geti verið nýtt sem þéttingarsvæði, án þess þó að skerða umhverfisgæði hverfanna eins og hraunið og gróin græn útivistarsvæði.

Hér er líka mikilvægt að tengja við “Borgarlínu”-verkefni svæðisskipulagsins.

Hversu stór eru skólahverfin, mannfjöldi, aldursdreifing?

Afurðin: í formi uppdráttar þar sem bent er á svæðin, fjallað um þau í hverfissamhengi (stuttur texti við hvern reit) og jafnvel sýnd dæmi um þéttingu. (Þróunarsvæði)

Tímarammi: faghópurinn er skipaður í október og er ráðgert að hann ljúki störfum 4-5 mánuðum síðar. Að 2 mánuðum liðnum verður tekin samráðsfundur með skipulags og byggingarráði Hafnarfjarðar þar sem hugmyndir verða ræddar.

Verkefnahópur:

Tillögur að aðilum í verkefnahópinn taka mið af hugmyndafræði við gerð HverfisSKIPULAGA Reykjavíkurborgar og einnig er horft til tengsla viðkomandi einstaklinga við Hafnarfjörð á einn eða annan hátt. Lagt er til að eftirfarandi einstaklingar verði ráðnir í verkefnið:

Sigríður Magnúsdóttir (Tröð) tók þátt í hverfisSKIPULAGSVINNUNNI (Hlíðarnar) en sá hópur náði langt með þróunarsvæði og sýndi mjög myndrænt hvernig og hvert við gætum stefnt með þéttingu (er höfundur tónlistarskólans og safnaðarheimilisins ásamt skátaheimilisins...og erum m.a. í dag að vinna að Vogabyggð)

Þráinn Hauksson (Landslag) tók þátt í hverfisskipulagsvinnunni og er í faghóp vegna svæðiskipulagsins. Kári Eiríksson; (sjálfstætt starfandi) - hefur komið að mörgum deiliskipulagsreitum í miðbæ Hafnarfjarðar.

Kostnaðarrámmi: Greitt er fyrir xxx tíma og stuðst við það módel sem hverfisskipulag Reykjavíkur vann með (tímagjald/umfang?) Sviðstjóra skipulags- og byggingarsviðs er falið að ræða við verkefnahópinn og ganga frá samningi á grundvelli þessarar verkefnalýsingar. Samningur mun verða lagður fram á næsta fundi skipulags- og byggingarráðs.

Fagaðilar sem ráðnir verða í verkið munu hafa aðgengi að gögnum skipulags- og byggingarsviðs svo og umhverfis- og framkvæmdasviðs.

Utanhald vinnunar verður á hendi skipulags og byggingarsviðs.

•